



Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargaga 11  
101 Reykjavík

***Tillaga um að sundferðir og menningarkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa Reykvíkinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2017.***

Á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2017, var lögð fram tillaga dags. 6.janúar 2017, um að sundferðir og bókasafnsskírteini verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa Reykvíkinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2017.

Tillagan er samþykkt með áorðnum breytingum um að menningarkort standi þessum hópi til boða með fimm samhljóða atkvæðum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstrri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata lögðu fram eftirfarandi bókun:

Greitt hefur verið fyrir sundferðir og bókasafnsskírteini fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarin ár. Mikilvægt er að koma í veg fyrir vanvirkni og félagslega einangrun langtímaatvinnulausra sem og fólks á fjárhagsaðstoð. Með því að gera ráðgjöfum á þjónustumiðstöðum borgarinnar kleift að bjóða notendum fjárhagsaðstoðar og langtímaatvinnulausum, sem þurfa fjárhagsaðstoð til framfærslu, tilboð um virkni. Velferðarráð samþykkir nú að auk bókasafnsskírteinis standi menningarkort þessum hópi til boða en inni í því er m.a. aðgangur að söfnum borgarinnar. Nú er tillagan samþykkt út árið 2017. Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstrri grænna og Pírata telja mikilvægt að samhlíða þessari samþykkt verði unnin tillaga að framtíðarfyrirkomulagi á virknitilboðum á borð við sundkort og menningarkort til framtíðar.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lögðu fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi þess að um er að ræða virkni- og forvarnarúrræði sem hefur verið samþykkt árlega frá árinu 2010 þá samþykkjum við þessa tillögu, en teljum þó að heildstæða stefnu þurfi að móta í þessu efnum, enda ótækt að vera með tímabundin úrræði, ár eftir ár. Við teljum að það sé mikilvægt að fylgjast með virkni í notkun, hversu margir séu að nýta sér úrræðið og það liggi fyrir samantekt fyrir árin 2010-2017 áður en næsta tillaga verður lögð fram.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja til að dregin verði til baka sú ákvörðun að starfsfólk Reykjavíkurborgar fái frítt í sund. Flestir starfsmenn borgarinnar eru langt yfir lágmarkslaunum og hafa ekki þörf fyrir niðurgreiddar sundferðir.

Afgreiðslu tillögunnar var frestað.

Virðingarfallst,

*Elly Alda Þorsteinsdóttir*  
Elly Alda Þorsteinsdóttir  
skrifstofustjóri



Skrifstofa ráðgjafarþjónustu  
Vinnsla:Jón Viðar Pálmason  
Ábyrgðarmaður: Kristjana Gunnarsdóttir  
Dags. 06.01.2017  
GoPro nr.:2010030034

Lagt fyrir fund velferðarráðs 19. janúar 2017

## Tillaga

**Tillaga um að sundferðir og bókasafnsskírteini verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2017.**

### *Forsaga:*

Borgarstjórn samþykkti samhljóða 20. apríl 2010 tillögu Vinstri grænna um að atvinnulausir Reykvíkingar og fólk sem nýtur fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg fengju endurgjaldslausan aðgang að sundstöðum og bókasöfnum borgarinnar út það ár. Samþykkt þessi hefur verið framlengt til þess. Tillagan hér gerir ráð fyrir því að framlengja þessa þjónustu út árið 2017.

### *Fjárhagsáætlun:*

Kostnaðarmat á tillögu gerir ráð fyrir um 4 mkr á árinu 2017. Kostnaður undanfarin ár hefur verið um 5 mkr. Í ljósi fækkunar notenda fjárhagsaðstoðar og einstaklinga á atvinnuleysissskrá er gert ráð fyrir lækkun útgjalda þrátt fyrir verðlagshækkanir þó einhver óvissa sé um endanlega fjárhæð. Ekki er sérstaklega áætlað fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar árið 2017.

### *Samantekt:*

Tillagan sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir því að sundferðir og bókasafnsskírteini verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2017.

